



Verklegt nám 5. árs læknanema á barnaskurðeild

Velkomin á barnaskurðeild Barnaspítala Hringssins

Meginmarkmið með veru læknanema á barnaskurðeild á þessu stigi námsins er að kynna fyrir þeim algengustu vandamál hjá börnum sem gjarnan krefjast skurðaðgerðar. Leitast verður við að kenna skoðun barna með skurðtæk vandamál, ss. botnlangabólgu eða kviðslit. Þar er ýmislegt að varast, ss. að líta ekki á barnið sem lítinn fullorðinn, heldur nálgast það á þess eigin forsendum.

Nemar fylgja sérfræðingum deildarinnar og eftir atvikum deildarlækni. Gott er að setja sig vel inn í vanda eins eða fleiri sjúklunga og reyna að fylgja þeim eftir í legunni þann tíma sem dvalið er á deildinni. Þetta er m.a. gert með ritun dagála og mikilvægt að fá sérfræðing deildarinnar eða deildarlækni til að fara yfir það með sér.

Barnaskurðlækningar eru almennt fremur lítil sérgrein, og eins og gefur að skilja mjög lítil í svo litlu samfélagi sem okkar. Þess vegna er þess ekki að vænta að á stuttri vikudvöl á deildinni nái nemarnir að sjá nema takmarkaðan fjölda stærri og flóknari aðgerða. Auðvitað verða sumir “heppnir” og ná að sjá sjaldgæfar og jafnvel flóknar aðgerðir meðan aðrir sjá litlar rútínuaðgerðir. Til að leitast við að jafna það sem nemarnir upplifa og læra, höfum við í gegnum árin gert það að venju að unnin séu afmörkuð verkefni, helst um e-ð sem er í gangi á deildinni í hvert sinn. Um er að ræða ca 10-15 mín. framsaga um efnið, gjarnan með powerpoint framsetningu. Æskilegt er að þetta sé flutt í lok vikunnar og helst með fleiri stúdentum en þeim sem tilheyra skurðeildinni í hvert sinn.

Dagleg vinna er:

Mánudagar kl. 8 eru röntgenfundir á röntgendeild. Í beinu framhaldi fara þeir sem erindi eiga á skurðstofu, aðrir ganga stofugang. Nemar fylgja með á skurðstofu.

Þriðjudagar: mæting á deild upp úr kl. 8

Miðvikudagar: röntgenfundur kl. 8, eftir það deildarvinna

Fimmtudagar: skurðstofuvinna kl. 8

Föstudagar: röntgenfundur kl. 8, eftir það deildarvinna og verkefnaskil

Nemar eru alltaf velkomnir á göngudeild en þar hafa að sjálfsögðu forgang þeir nemar sem eru staðsettir þar þá vikuna. Þá er mikilvægt að nemar láti vakthafandi barnaskurðlækni hafa símanúmer til að hægt sé að ná þeim með í bráðaaðgerðir, séu aðstæður til þess fallnar

Með von um ánægjulega dvöl á barnaskurðeildinni

Læknar barnaskurðeildar